

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 234/2010, um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar.

#### 1. gr.

4. gr. verður svohljóðandi:

Greiða skal gjald vegna vinnu við inn- og útflutning skv. neðangreindri töflu:

<b>Inn- og útflutningur</b>	<b>Gjald kr.</b>
Útflutningur dýraafurða, allt að 5,0 kg	2.000
Útflutningur dýraafurða, sem hluti af eigin farangri	200
Útflutningsvottorð dýraafurða umfram 5,0 kg	5.000
Útflutningsvottorð á heyi	5.000
Útflutningsskoðun hrossa, pr. dýr	4.774
Útflutningsvottorð, sjávarafurðir	3.500
Útflutningsvottorð, lifandi hrogn	3.500
Útflutningsvottorð, lifandi seiði	3.500
Útflutningur plantna og plöntuafurða, þar með talið viðarumbúðir og fræ	3.500
Innflutningseftirlit, notaðra landbúnaðartækja	25.000
Innflutningseftirlit, sæði hunda	7.000
Innflutningseftirlit, hundar og kettir	24.000
Innflutningseftirlit, önnur gæludýr	7.000
Innflutningseftirlit, með sáðvöru (s.s. fræ og sáðkorn), utan EES	7.320
Innflutningseftirlit, áburður utan EES	25.620
Útflutningseftirlit, sauðfjársæði	3.500
Útflutningsáritun, hundar og kettir	1.500

Gjald fyrir annað inn- og útflutningseftirlit skal greiðast skv. tímagjaldi.

#### 2. gr.

5. gr. verður svohljóðandi:

Eftirlitsgjald vegna heilbrigðisskoðunar á sláturdýrum sbr. 11. gr. laga nr. 96/1997 er 4,7 kr. fyrir hvert kíló kindakjöts, 5,9 kr. fyrir hvert kíló svínakjöts, 4,2 kr. fyrir hvert kíló nautgripakjöts, 6,5 kr. fyrir hvert kíló hrossakjöts og 2,0 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts. Gjaldið greiðist skv. innvegnu magni kjöts í afurðastöð í samræmi við framleiðsluskýrslur sláturleyfishafa til Bændasamtaka Íslands. Sláturleyfishafa er skylt að skila undirritaðri framleiðsluskýrslu mánaðarlega fyrir 15. hvers mánaðar fyrir framleiðslu liðins mánaðar. Framleiðsluskýrsla skal undirrituð af framkvæmdastjóra eða af öðrum aðila fyrir hans hönd.

Bændasamtök Íslands skulu skila til Matvælastofnunar framleiðslutölum hvers tímabils eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í eftirfarandi ákvæðum laga, 25. og 26. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, 11. og 17. gr. laga um slátrun og sláturafurðir nr. 96/1997, 31. og 31 gr. a. laga um sjávarafurðir nr. 55/1998 og 8. og 8.

Nr. 50

21. janúar 2011

gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin tekur gildi 1. febrúar 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. janúar 2011.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2011